

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður og Magnús Tryggvason

Afboða, mæta ekki : Árni Stefánsson og Hörður Oddfríðarson

Fundur 06.05 2025 settur kl. 18.00

1. Mót og starfsemi

- a. Íslandsmeistaramótið í 50 metra laug var haldið í Laugardalslaug 11-13. apríl s.l. Alls tóku um 170 sundmenn þátt í mótinu sem fór vel fram og mörg Íslandsmet voru sett. Mótið fór vel fram og var faglega staðið að öllum undirbúningi að vanda. Forseti Íslands Halla Tómasdóttir afhenti forsetabikarinn í mótslok og Guðmundur Ingi menntamálaráðherra heiðraði okkur líka með nærveru sinni. Þá voru afhentir að vanda, Kolbrúnarbikarinn sem Snæfríður Sól hlaut fyrir besta árangur kvenna í sundi frá því á ÍM fyrir árið síðan, og Pétursbikarinn sem Anton Sveinn hlaut fyrir bestan árangur í sundi karla frá því á ÍM í fyrra. Sjálfboðaliðum og Sundfélaginu Ægi er sérstaklega þakkað fyrir samstarfið á góðu móti.
- b. IMOC Íslandsmeistaramót Garpa fór fram í Ásvallalaug daganna 2. og 3. maí. Met var sett í fjölda keppanda sem voru um 180 talsins og var stemningin mikil meðal keppenda og allir skemmtu sér konunglega. SH varð hlutskarpast í liðakeppninni að þessu sinni en mjótt var á munum milli SH og Breiðabliks alla hluta mótsins en SH hafði þetta á lokasprettinum. Stjórn SSÍ þakkar sjálfboðaliðum og SH fyrir samstarfið á skemmtilegu og vel heppnuðu móti.
- c. Íslandsmeistaramót aldursflokka (AMÍ) er næsta mót okkar. Farið var yfir hvernig staðið verður að mótinu hvað varðar tæknimál og farið yfir samning við framkvæmdaaðila.
- d. Áskorun til stjórnvalda af sundþingi samanber þingskjals 15 sem er áskorun til stjórnvalda vegna fjárveitinga til afreksstarf með sérstakri áherslu á sundíþróttina. Stjórn SSÍ var falið að kára áskorunina og hafa þær Bjarney Guðbjörnsdóttir og Júlía Þorvaldsdóttir lokið því verki og farið var yfir áskorunina á fundinum og hún samþykkt.
- e. Farið var yfir niðurstöður sundþing varðandi þingskjal 10 af sundþingi vegna félagaskipta. Þingið fól stjórn að koma með tillögu að breytingu á félagaskiptum. Þær Guðrún Pálsdóttir og Guðrúnu Rósa Þórsteinsdóttir kynntu tillögu sína sem gengur úr á að ekki sé þörf á breytingu á núverandi reglum um félagaskipti. Farið var yfir rökstuðning tillögunnar á fundinum og tillagan samþykkt.
- f. Fulltrúi dómaranefndar Ragnheiður Birna Björnsdóttir kom inn á fundinn og kynnti nýjar reglur/kröfur sem WA hefur sett sem alþjóðlegir dómarar þurfa að undirgangast. Kynningin var mjög góð og í kjölfarið mun dómaranefnd setja upp spurningar og tillögur til stjórnar hvernig brugðist verði við þessum breytingum.
- g. Formaður, framkvæmdastjóri og yfirmaður landsliðsmála ásamt Vésteini Hafsteinssyni áttu fund með fulltrúum ÍBR og Reykjavíkurborgar og fulltrúa Menntamálaráðuneytis varðandi málefni sundlaugamannvirkja í Reykjavík. Rætt var um aðstöðumál landsliða og þjóðarleikvanga og hugsanlegar breytingar á Laugardalslaug.
- h. 77. Íþróttaping ÍSÍ verður haldið á Natura Hótel í Reykjavík 16 og 17. maí næstkomandi. SSÍ á tvo fulltrúa á þinginu og munu formaður og framkvæmdastjóri sitja þingið fyrir hönd SSÍ.
- i. Formaður, framkvæmdastjóri og yfirmaður landsliðsmála voru viðstödd formlega opnun Afreksmiðstöðvar Íslands í anddyri Laugardalshallar 5. maí. Kynnt var fyrirkomulag

afreksmiðstöðvar og starfsfólk kynnt. Kristín Birna Ólafsdóttir er nýr afrekssjóri ÍSÍ og mun veita afreksmiðstöð forstöðu. Vésteinn Hafsteinsson færist í starf ráðgjafa innan miðstöðvarinnar. Ragnar Guðmundsson sem starfað hefur mikið með SSÍ og hefur séð um mælingar fyrir okkur mun einnig sjá um mælingar fyrir nýstofnaða afreksmiðstöð.

- j. Framkvæmdastjóri ásamt Ragnari Guðmundssyni áttu fund með Antonio Silva forseta EA um viðurkenningar þjálfara og learn to swim. EA mun aðstoða SSÍ að setja af stað learn to swim prógrami hér á Íslandi í lok sumars. Það verður sett af stað online verkefni ca 4-6 klukkustundir um miðjan ágúst. Stefnt er að vera með verklega kennslu helgina 30 – 31 ágúst og erlendir leiðbeinendur mæta til að kenna. Við vonumst til að geta auglýst þetta í lok maí og verður sent út á öll félög og skóla í von um að íþróttakennarar sækji þennan viðburð einnig.

2. Afreksmál

- a. Að loknu ÍM50 var valið í öll verkefni landsliða sem eftir eru á tímabilinu sem eru átta.
- b. Fimmtudaginn 1.maí var haldin æfingadagur Framtíðarhóps í Laugardal. Dagurinn heppnaðist vel í alla staði, 32 sundmenn og 8 þjálfarar tóku þátt. Fyrirlesarar dagsins voru Eyleifur Jóhannesson kynnti landsliðkerfið og verkefni, Ragnheiður Ragnarsdóttir fyrrum afreksskona í sundi sagði frá ferli sínum, Sigurður Örn Ragnarson heilsuráðgjafi fræddi sundfólkið um svefn og næringu.
- c. Snæfríður Sól Jörunnardóttir er að nota þetta sundár til að prófa ýmsa nýja hluti. Þann 24.apríl fór hún í háfjallaæfingabúðir með átta manna atvinnumanna hópi til Andorra. Snæfríður mun æfa með hópnum í þrjár vikur, eða fram að Mare Nostrum.
- d. Taastrup Open fer fram í Kaupmannahöfn 9-11.maí þar sem 18 manna hópur sundfólks frá Íslandi mun taka þátt. Bjarney Guðbjörnsdóttir mun leiða hópinn í þessari ferð, þjálfarar í ferðinni eru þeir Daníel Lúkas SH og Hilmar Smári Breiðablik.
- e. Mare Nostrum mun fara fram í Mónakó dagana 17-18.maí, en við bjóðum upp á þetta verkefni fyrir okkar besta fólk. Birnir Freyr, Jóhanna Elín, Símon Elías, Snorri Dagur og Snæfríður Sól tóku tilboðinu og munu keppa fyrir Íslandshönd á þessu sterka móti. Hópurinn mun svo æfa í Mónakó í tvo daga eftir mótið og hitta GSSE hópinn í Barcelona miðvikudaginn 21.maí.
- f. Við höfum valið Smáþjóðaleikaliðið okkar fyrir leikana í Andorra 27-31.maí. Við tókum þá ákvörðun að ferðast fyrr til Andorra, til að gefa sundfólkinu tíma til að aðlagast aðstæðum og byggja upp góðan liðsanda. Í hópnum eru 11 sundmenn, 9 sundkonur, 3 þjálfarar, 1 fararstjóri og fjölmiðlafulltrúi.
- g. EM U23 er nýtt mót hjá okkur og verður haldið í Slóvakíu 26-28. Júní. 5 sundmenn náðu lágmörkum fyrir mótið, það eru þeir Birnir Freyr SH, Einar Margeir ÍA, Guðmundur Leo ÍRB, Símon Statkevicius SH og Snorri Dagur Einarsson SH. Eftir að hafa skoðað úrslit ÍM vel var tekin sú ákvörðun að bjóða tveimur bestu sundkonunum í þessum flokki boðssæti, fyrir valinu urðu þá Birgitta Ingólfs SH og Eva Margrét ÍRB. Með í för verða þau Eyleifur fararstjóri, Mladen og Steindór þjálfarar, og Hólmfríður nuddari.
- h. EMU mun fara fram í sömu laug og EM U23, mótið verður 1-6. Júlí og hefur SSÍ valið hópinn fyrir mótið. Sex manna sundhópur mun taka þátt, fjórir náðu lágmörkum og tveir fengu boðssæti. Hópurinn skipa þá Denas ÍRB, Hólmar SH, Magnús Víðir SH, Vala Dís SH og Ylfa Lind Ármanni. Þjálfarar í ferðinni verða þeir Dadó Fenrir SH og Hjalti Ármanni. Hólmfríður verður fararstjóri og nuddari
- i. Næm verður haldið í Þórshöfn í Færeyjum 5-6. júlí. Tvær sundkonur náðu lágmörkum, þær Ásdís Steindórs og Sólveig Freyja úr Breiðablik. SSÍ ákvað að gefa einnig tvö

boðsæti í þetta verkefni, fyrir valinu urðu þau Alexander Ari Ármanni og Auguste SH. Bjarney fer með sem fararstjóri og Peter úr Breiðablik sem þjálfari.

- j. Síðast hópurinn sem valinn var eftir ÍM50 var hópurinn fyrir Heimsmeistaramótið í Singapore. Við eru stolt af því að sex einstaklingar syntu undir B lágmarki, en eingöngu tveir náðu inn á HM50 í Fukuoka 2023. Verkefnið verður í lengri kantinum vegna fjarlægðar til Singapore, hefst með sameiginlegum æfingabúðum norðurlanda í Singapore 18-24. Júlí og mótið mun fara fram 27. júlí til 3. ágúst. Hópurinn skipa þau Birnir Freyr SH, Einar Margeir ÍA, Guðmundur Leo ÍRB, Jóhanna Elín SH og Snæfríður Sól AAL. Eyleifur verður fararstjóri, Dadó og Kjell þjálfarar, og Hlynur sjúkrþjálfari. Dadó kemur aukalega inn í þetta verkefni og greiðir SH helminginn af kostnaði hans í verkefninu.

3. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Farið var yfir fundargerð dómaranefndar nr: 132 sem finna má í fundargögnum.

4. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
08.04.2025	Skattamál Íþróttahreyfingarinnar	ÍSÍ/AS
23.04.2025	Boð um sumarnámskeið þríþraut	RG
26.04.2024	Framboð til stjórnar ÍSÍ	ÍSÍ
28.04.2025	RUS&BLR athletes Participants	EA
30.04.2025	Swimming Technical -officials Pathway	EA
30.04.2025	Tillaga um umgjörð RIG 2026	ÍBR
02.05.2025	Yfirlýsing frá ÍSÍ	ÍSÍ
02.05.2025	Síðara fundarboð íþróttaping	ÍSÍ
06.05.2025	Túr sundbolir	ÁS

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Alicija Kempisty	Óðinn	SH	14.04.2025	13.05.2025
Kajus Jatautas	Sf Akranes	SH	14.04.2025	13.05.2025

6. Staðfesting meta / afreka

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
100m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	53,42	13.04.2025	RVK
50m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	23,99	11.04.2025	RVK
4x100m skriðsundi	Karlasveit SH Birnir Hálfðánarson Veigar Hrafn Sigþórsson Simon Statkevicius Ýmir Chatenay Sölvason	SH	3:26,14	12.04.2025	RVK
4x200m skriðsundi	Karlasveit SH Ýmir Chatenay Sölvason Magnús Viðir Jónsson Birnir Hálfðánarson Veigar Hrafn Sigþórsson	SH	7:41,05	11.04.2025	RVK
4x100m fjórsund	Karlasveit SH Bergur Fáfínir Bjarnason Snorri Dagur Einarsson Birnir Hálfðánarson Simon E Statkevicius	SH	3:46,58	13.04.2025	RVK

Garpamet – IMOC maí 2025 er í viðhengi.



7. Önnur mál:

- a. Formaður og framkvæmdastjóri hittu Willum Þór frambjóðanda til forseta ÍSÍ í byrjun apríl og munu svo hitta Olgu Bjarnadóttur sem einnig er að bjóða sig fram til formanns n.k. fimmtudag.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.30